



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

## STARFSLÝSING

<b>Starfsheiti:</b>	Sérfræðingur / hagfræðingur
<b>Svið:</b>	Kjarasvið
<b>Næsti yfirmaður:</b>	Sviðsstjóri kjarasviðs
<b>Markmið:</b>	Að mæta þörfum og væntingum sveitarfélaga á sviði kjaramála og þjóna sérstaklega þeim starfsmönnum sem vinna við framkvæmd kjarasamninga.
<b>Ábyrgðarsvið:</b>	Hagfræðingur ber ábyrgð gagnvart sviðsstjóra á þeim verkefnum sem lýst er í starfslýsingu þessari og öðrum þeim verkum sem honum eru falin hverju sinni.

### Verkþættir – helstu verkefni:

#### Sameiginleg verkefni á kjarasviði:

- Vinnur með sviðsstjóra og öðrum sérfræðingum kjarasviðs að undirbúningi samningastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Tekur þátt í kjaraviðræðum sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í samninganefndum og/eða veitir samninganefndum sérfræðiráðgjöf.
- Vinnur með sviðsstjóra og öðrum sérfræðingum kjarasviðs að gerð kjarasamninga fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Aðstoðar sveitarfélög við túlkun og framkvæmd allra kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Svarar fyrirspurnum og dreifir upplýsingum til sveitarfélaga um kjaratengd málefni með sérstakri áherslu á upplýsingamiðlun til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, launafulltrúa og starfsmannastjóra.
- Annast, í samvinnu við sviðsstjóra, viðtöku, úrvinnslu og svörun ýmissa erinda er berast kjarasviði.
- Annast samskipti við fulltrúa viðsemjenda í samvinnu við sviðsstjóra, tekur þátt í störfum samstarfsnefnda og annast fundarritun.
- Vinnur, í samvinnu við sviðsstjóra, að gagnasöfnun, rannsóknnum og skýrslugerð um ýmis kjaratengd málefni sveitarfélaganna.
- Vinnur að gerð og uppbyggingu gagnagrunns vinnumarkaðsupplýsinga í samvinnu við sviðsstjóra og aðra sérfræðinga kjarasviðs
- Vinnur að undirbúningi og framkvæmd ráðstefna, námskeiða og funda í samvinnu við sviðsstjóra og eftir atvikum aðra sérfræðinga kjarasviðs.
- Fylgist með þróun kjaramála í nágrennalöndum og aðstoðar sviðsstjóra í erlendum samskiptum.
- Starfar í samræmi við starfsmannastefnu sambandsins og árlegar starfsáætlanir kjarasviðs.

#### Sérverkefni hagfræðings:

- Er lykilsérfræðingur kjarasviðs í kostnaðarútreikningum kjarasamninga og kjararannsóknnum.

- Annast gerð reiknilíkana vegna kostnaðarmats kjarasamninga.
- Umsjón með framkvæmd og úrvinnslu kjararannsókna sviðsins.
- Annast sérfræðiráðgjöf og gerð leiðbeininga til launafulltrúa og stjórnenda sveitarfélaga vegna launaútreikninga.
- Sérfræðingur kjarasviðs í líffeyris- og tryggingamálum.
- Hagfræðingur annast önnur þau verkefni sem sviðsstjóri felur honum, enda tengist þau verksviði kjarasviðs.
- Vinnur með framkvæmdastjóra og sviðsstjóra og sérfræðingum hags- og upplýsingasviðs varðandi ýmiss verkefni almennra og sértækra efnahagsmála.
- Tekur þátt í undirbúningi og upplýsingagjöf til fulltrúa alþjóðastofnanna eins og AGS, OECD o.fl.

**Þátttaka í  
vinnuhópum,  
nefndum og  
teymisvinnu:**

Hagfræðingur stuðlar að sem bestum tengslum og samskiptum við aðra starfsmenn og viðskiptamenn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tekur þátt í vinnuhópum, teymisvinnu og nefndastörfum samkvæmt ákvörðun stjórnar sambandsins, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra hverju sinni.

**Helstu  
samstarfsaðilar:**

Starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga á Íslandi og í Brussel. Stjórnendur sveitarfélaga, yfirmenn starfsmannamála sveitarfélaga, launafulltrúar sveitarfélaga, ráðuneyti, samtök vinnuveitenda, stéttarfélög og aðrir aðilar vinnumarkaðarins.

Reykjavík xx. janúar 2017.

---

starfsmaður

---

yfirmaður